

Nd.

326. Frumvarp

til laga nm útsvarsálagningu erlendra vátryggingarfelaga.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Heimilt er að leggja aukaútsvar til bæjar eða hrepps á erlend tryggingarfjelög, sem ekki eru með sjerstöknm lögum undanþegin opinberum gjöldum, þar sem aðalumboðsmaður þeirra hjer á landi er búsettur, eftir veltu og ágóða fjelagsins af starfsemi sinni hjer á landi.

Ef fjelag hefir fleiri en einn aðalumboðsmann eða vafi er á um það, hvar aðalumboðsmaður þess er hjer á landi, sker ráðherra úr, hvar útsvar skuli á fjelagið leggja.

2. gr.

Aðalumboðsmaður ber ábyrgð á greiðslu útsvarsins sem sjálfs sín skuld, enda má taka eignir hans lögtaki í því skyni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sjóváttryggingarfjelag Íslands verður að gjalda hátt útsvar — síðast 8000 kr. — til Reykjavíkurkaupstaðar. Á erlenda keppinauta þess hefir hingað til ekkert aukaútsvar verið lagt. Erlendu fjelögin standa því stórum betur að vígi í samkeppninni hjer en Sjóváttryggingarfjelag Íslands og önnur innlend váttryggingarfjelög, er síðar kynnu að myndast hjer. Engin skynsamleg ástæða er fyrir þessu misrjetti.

Erlend váttryggingarfjelög, sem starfa hjer, taka hjer inn árlega iðgjöld svo hundruðum þúsunda króna skiftir, og sama sem öll þessi upphæð fer beint út úr landinu, án þess greitt sje af henni útsvar.